

## TILSKIPUN RÁÐSINS 96/25/EB

frá 29. apríl 1996

## um dreifingu fódurefnis, breytingu á tilskipunum 70/524/EBE, 74/63/EBE, 82/471/EBE og 93/74/EBE og niðurfellingu á tilskipun 77/101/EBE(\*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 43. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(2)</sup>,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fódurefni gegna mikilvægu hlutverki í landbúnaði með tilliti til framleiðslu, vinnslu og neyslu landbúnaðarvara.
- 2) Vegna vaxandi áhuga á gæðum og skilvirkni og á umhverfinu verður hlutverk fódurefna í landbúnaði sífellt mikilvægara.
- 3) Við þessar aðstæður hentar vel að hafa reglur um dreifingu fódurefnis til að tryggja nægilegt gagnsæi allrar fódurkeðjunnar og auka þar með gæði landbúnaðarframleiðslu, einkum búfjárframleiðslu.
- 4) Með tilskipun ráðsins 77/101/EBE frá 23. nóvember 1976 um markaðssetningu óblandaðs fódurs <sup>(4)</sup> eru settar reglur um markaðssetningu óblandaðs fódurs. Í aðildarríkjunum hafa hingað til ríkt mismunandi hefðir í stýringu markaðssetningar hráefna. Af þeirri ástæðu er aðildarríkjunum gert kleift, með tilskipun 77/101/EBE, að veita undanþágur í vissum tilvikum.

5) Þessar undanþágur hafa orðið til þess að í sumum aðildarríkjum stýrir tilskipun 77/101/EBE markaðssetningu bæði óblandaðs fódurs og hráfódurefna og í öðrum aðildarríkjum eingöngu markaðssetningu óblandaðs fódurs, sem gerir kleift að selja óblandað fódur sem hráefni í fódur sem engar reglur ná yfir.

6) Til að innri markaðurinn geti starfað snurðulaust ber að uppræta það ósamræmi sem enn gætur í aðildarríkjunum. Sökum umfangs þess geira sem er til athugunar ber að setja nýjar reglur í stað tilskipunar 77/101/EBE.

7) Óblandað fódur og hráfódurefni eru svo áþekkt og nátengd að, til að tryggja samþættingu gildissviðs þessarar tilskipunar, ætti að setja þau saman í einn flokk, nánar tiltekið „fódurefni“.

8) Ný skilgreining á „fódurefnum“ tekur til fyrirhugaðrar notkunar þessara vara, þ. e. notkun þeirra til að fódra dýr, eins og kveðið er á um í fyrri skilgreiningum á „födri“ og „födurböndur“. Þar með er tryggt að nota má hugtakið „fódur“ sem almennt hugtak fyrir allt fódur og födurböndur.

9) Þessi alhliða skilgreining á „födri“ er einkum mikilvæg með tilliti til tilskipunar ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í födri <sup>(5)</sup> og tilskipunar ráðsins 74/63/EBE frá 17. desember 1973 um óæskileg efni og óæskilegar afurðir í födri <sup>(6)</sup>. Þar eð tiltekin ákvæði í tilskipun 74/63/EBE gilda einungis um fódurefni en önnur um allt fódur, að fódurefnum meðtöldum, verða bæði hugtökin „fódur“ og „fódurefni“, notuð í ákveðnum tilvikum.

10) Til að tryggja nauðsynlegt gagnsæi allrar fódurkeðjunnar gildir þessi tilskipun um „dreifingu“ fódurefna.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 125, 23.5.1996, bls. 35, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 101/1999 frá 24. september 1999 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. C 236, 24. 8. 1994, bls. 7.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. C 305, 31. 10. 1994, bls. 147.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. C 102, 24. 4. 1995, bls. 10.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB nr. L 32, 3. 2. 1977, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 90/654/EBE (Stjtið. EB nr. L 353, 17. 12. 1990, bls. 48).

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB nr. L 270, 14. 12. 1970, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/55/EB (Stjtið. EB nr. L 263, 4. 11. 1995, bls. 18).

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB nr. L 38, 11. 2. 1974, bls. 31. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 93/74/EBE (Stjtið. EB nr. L 237, 22. 9. 1993, bls. 23).

- 11) Góður árangur í búfjarframleiðslu ræðst að miklu leyti af rétttri notkun hentugra fôðurefna í háum gæðaflokki. Fôðurefnin verða því ætíð að vera heilnæm, óspillt og söluhæf. Þau mega hvorki vera hættuleg heilsu dýra né manna og ekki má markaðssetja þau með villandi hætti.
- 12) Margar vörur kunna að vera ætlaðar til fôðrunar eða til annarrar notkunar. Eigi að nota þær sem fôður verður það að koma fram á lögboðinni sérmerkingu þegar vörurnar eru settar í dreifingu í þessu skyni.
- 13) Fôðurefni fer í mörgum tilvikum í dreifingu sem sendingar í lausri vigt, sem kann að vera skipt í nokkrar einingar. Í slíkum sendingum fylgja fôðurefnunum yfirleitt skjöl á borð við vörureikninga og farmbréf. Skjöl þessi geta nýst sem „fylgiskjöl“ í skilningi 5. gr. þessarar tilskipunar. Þetta er einungis leyft ef tryggt er með viðunandi hætti að unnt sé að sanngreina vörusendinguna (einingar hennar) og fyrir liggja sameiginlegt tilvísunar- og fylgiskjal á öllum stigum dreifingar, til dæmis með því að nota tilvísunarnúmer eða tilvísunartákn.
- 14) Þar eð hollustu- og næringargildi fôðurefna getur verið mismunandi ber að gera skýran greinarmun á mismunandi fôðurefnum með því að merkja þau með sérheitum sínum þegar þau eru sett í dreifingu.
- 15) Veita ber kaupendum eða notendum fôðurefna í allri fôðurkeðjunni nákvæmar og viðeigandi upplýsingar, meðal annars um umfang greiningarþátta sem hafa bein áhrif á gæði fôðurefnisins. Koma skal í veg fyrir að seljandinn láti hjá líða að tilgreina umfang greiningarþátta til að vernda litla kaupendur sem biðja árangurslaust um þessar upplýsingar og til að koma í veg fyrir óþarfa kostnað sem hlýst af því að fjölga greiningum í lok fôðurkeðjunnar. Tiltekin aðildarríki eiga í erfiðleikum með að framkvæma skoðun á býlum. Þegar þannig háttar til ber að samþykkja ákvæði um að umfang greiningarþátta skuli tilgreint við upphaf fôðurkeðjunnar.
- 16) Ekki er þörf fyrir merkingar með upplýsingum um greiningarsamsetningu fôðurefna ef kaupandinn telur sig ekki, áður en viðskiptin eiga sér stað, hafa þörf fyrir slíkar upplýsingar. Þessi undanþága frá merkingu getur til dæmis gilt um vörur sem eru geymdar uns verslað er með þær að nýju.
- 17) Fôðurefni, sem er dreift milli bænda, eru einkum afurðir úr jurta- eða dýraríkinu, eins og þær koma fyrir í náttúrunni, nýjar eða varðar skemmdum, hvort sem þær hafa hlotið einfalda meðferð á borð við hökkun eða mölun, eða ekki, og þau innihalda ekki aukefni, nema rotvarnarefni. Þar eð eiginleikar þessara vara eru vel þekktir ber ekki, af hagkvæmnisástæðum, að fara fram á neina yfirlýsingu, sem um getur í þessari tilskipun, á fylgiskjali eins og til dæmis vörureikningi. Þó ber að fara fram á slíkt þegar vörur eru meðhöndlaðar með aukefnum þar eð slík meðhöndlun kann að breyta efnasamsetningu og næringargildi varanna.
- 18) Mörg smásölufyrirtæki selja fôðurefni úr dýra- eða jurtaríkinu í litlu magni til fôðrunar gæludýra. Þar eð eiginleikar þessara vara eru vel þekktir ber ekki, af hagkvæmnisástæðum, að fara fram á neina lýsingu greiningarþátta fyrir vörurnar.
- 19) Tiltekin þriðju lönd hafa ekki alltaf nægileg úrræði til að láta fara fram greiningu, sem er forsenda þess að unnt sé að veita, samkvæmt þessari tilskipun, tilskildar upplýsingar um greiningarsamsetningu fôðurefna. Því ber að heimila aðildarríkjunum, með vissum skilyrðum, að veita leyfi til að setja slík efni í dreifingu í bandalaginu með bráðabirgðaupplýsingum um samsetningu.
- 20) Ef áreiðanleg, endanleg gögn eru ekki tiltæk um greiningarþætti, einkum í fôðurefnum sem koma frá þriðju löndum og hafa ekki áður verið sett í dreifingu í bandalaginu, ber að ákveða að leyfilegt sé að veita bráðabirgðaupplýsingarnar innan tíu virkra daga til að koma í veg fyrir óþarfa tafir í höfnum og á vega- og járnbrautarmótum.
- 21) Í nokkrum grunnreglugerðum bandalagsins eru skrár um innihaldsefni og óblandað fôður.
- 22) Af hagkvæmnisástæðum og til að tryggja nauðsynlegt samræmi laga og skilvirkni ber að taka saman skrá um

- helstu fódurefni í líkingu við fyrirliggjandi skrár á sambærilegum sviðum.
- 23) Slík skrá verður aldrei tæmandi vegna þess hve fjölbreyttar vörurnar og aukaafurðirnar, sem heimilt er að versla með og nota, eru vegna stöðugar þróunar í matvælatækni og þess að brýnt er að takmarka ekki valkosti framleiðenda og bænda. Heimila má dreifingu annarra fódurefna en talin eru upp í áður nefndri skrá, svo framarlega sem þau eru tilgreind með sérheitum svo að þeim verði ekki ruglað saman við efni sem hafa tilkall til heitis sem ákveðið hefur verið á vettvangi bandalagsins.
- 24) Fódurefni, sem innihalda meira magn óæskilegra efna og vara en tilgreint er fyrir óblandað fódur í I. viðauka við tilskipun 74/63/EBE, ber eingöngu að afgreiða til framleiðenda fódurblandna sem eru viðurkenndir í samræmi við ákvæði tilskipunar ráðsins 95/69/EB frá 22. desember 1995 um skilyrði fyrir og fyrirkomulag við viðurkenningu og skráningu tiltekinna fódurstöðva og milliliða<sup>(7)</sup>. Þetta á að koma fram á lögboðinni sérmerkingu þar sem fyrirhugaðri notkun vörunnar er lýst. Þessi óæskilegu efni og vörur skal tilgreina í skránni í B-hluta II. viðauka við tilskipun 74/63/EBE, með vissum undantekningum sem varða aflatoxín, kadmíum og arsen og fódurefni sem innihalda þessi efni og eru þegar talin upp í A-hluta II. viðauka við tilskipun 74/63/EBE.
- 25) Breyting á skránni um helstu fódurefni er vísindaleg ráðstöfun.
- 26) Skrána í B-hluta viðaukans við þessa tilskipun ber að nota við dreifingu fódurefna án tillits til fyrirhugaðrar notkunar og við merkingu fódurefna sem notuð eru í fódurblöndum.
- 27) Í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 92/87/EBE frá 26. október 1992 um gerð skrár, sem er ekki tæmandi, yfir helstu innihaldsefni sem algengt er að nota og markaðssetja til framleiðslu á fódurblöndum handa öðrum dýrum en gæludýrum<sup>(8)</sup> er skrá yfir innihaldsefni fódurblandna til nota við merkingar á fódur-
- blöndum. Fella ber áður nefnda tilskipun úr gildi þegar ákvæði A- og B-hluta þessarar tilskipunar eru tekin upp.
- 28) Til að komast hjá tvíræðni og auka samanburðarhæfni við auðkenningu fódurefnis og miðlun upplýsinga um fódurefni á alþjóðlegum vettvangi ber að fela framkvæmdastjórninni að samþykkja framkvæmdarákvæði, ef við á, í því skyni að innleiða hentugt alþjóðlegt skráningarkerfi fódurefna, byggt á skýringum á mismunandi þáttum fódurs, svo sem uppruna, notagildi, vinnslu og þroska/eiginleikum.
- 29) Til að auðvelda samþykkt framkvæmdarákvæðanna ber að fylgja málsmeðferðinni um samstarf milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar innan fastanefndarinnar um fódur.
- 30) Mikilvægt er að tryggja að í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar sé hægt að sannreyna, með formlegum og einsleitum hætti alls staðar í bandalaginu og á öllum stigum dreifingar fódurefna, að yfirlýsingarnar sem eru gefnar séu réttar.
- 31) Lögleiðing þessarar tilskipunar hefur í för með sér að hugtökin „óblandað fódur“, „hræfni (innihaldsefni)“, „hræfni“ og „innihaldsefni“ falla niður. Í nágildandi löggjöf bandalagsins, einkum tilskipunum ráðsins 70/524/EBE, 74/63/EBE, 82/471/EBE<sup>(9)</sup> og 93/74/EBE<sup>(10)</sup>, komi í þeirra stað hugtakið „fódurefni“, og, ef við á, skilgreiningin í þessari tilskipun í stað skilgreiningarinnar á „fódurefnum“. Þetta hefur einnig áhrif á skilgreininguna á fódurblöndum. Af sömu ástæðu ber að breyta tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 80/511/EBE<sup>(11)</sup>, 82/475/EBE<sup>(12)</sup> og 91/357/EBE<sup>(13)</sup> og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 91/516/EBE<sup>(14)</sup> með gerð framkvæmdastjórnarinnar.
- 32) Nauðsynlegt er að sjá til þess að ákvæði viðaukanna séu stöðugt aðlöguð með tilliti til þróunar á sviði vísinda- og tækniþekkingar. Slíkar breytingar ber að gera sem skjótast í samræmi við málsmeðferðina sem

<sup>(7)</sup> Stjtið. EB nr. L 332, 30. 12. 1995, bls. 15.

<sup>(8)</sup> Stjtið. EB nr. L 319, 4. 11. 1992, bls. 19.

<sup>(9)</sup> Stjtið. EB nr. L 213, 21. 7. 1982, bls. 8.

<sup>(10)</sup> Stjtið. EB nr. L 237, 22. 9. 1993, bls. 23.

<sup>(11)</sup> Stjtið. EB nr. L 126, 21. 5. 1980, bls. 14.

<sup>(12)</sup> Stjtið. EB nr. L 213, 21. 7. 1982, bls. 27.

<sup>(13)</sup> Stjtið. EB nr. L 193, 17. 7. 1982, bls. 34.

<sup>(14)</sup> Stjtið. EB nr. L 281, 9. 10. 1991, bls. 23.

mælt er fyrir um í þessari tilskipun til að koma á nánu samstarfi milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar innan fastanefndarinnar um fôður.

- 33) Gera ber ráðstafanir á vettvangi bandalagsins til að vernda heilbrigði dýra og manna á skilvirkan hátt og til þess að tryggja að innri markaðurinn geti starfað snurðulaust.

#### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

##### 1. gr.

1. Þessi tilskipun gildir um dreifingu fôðurefnis innan bandalagsins.
2. Þessi tilskipun gildir með fyrirvara um önnur ákvæði bandalagsins á sviði fôðurs.

##### 2. gr.

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „fôðurefni“: ýmsar afurðir úr jurta- eða dýraríkinu, eins og þær koma fyrir í náttúrunni, nýjar eða varðar skemmdum, svo og vinnsluafurðir þeirra og lifræn eða ólifræn efni, með eða án aukefna, notaðar sem fôður handa dýrum, annaðhvort óbreyttar eða eftir vinnslu, til framleiðslu á fôðurlöndum eða sem burðarefni í forblöndum;
- b) „setja í dreifingu“ („dreifing“): að geyma fôðurefni með tilliti til sölu, einnig að bjóða til sölu, eða afhendingar með einhverjum öðrum hætti til þriðja aðila, gegn greiðslu eða án hennar, einnig sjálf salan og afhending sem fer fram með einhverjum öðrum hætti.

##### 3. gr.

Aðildarríkin skulu mæla fyrir um að fôðurefnum megi því aðeins dreifa í bandalaginu að þau séu heilnæm, óspillt og söluhæf. Þau skulu mæla fyrir um að slík fôðurefni megi ekki á neinn hátt vera hættuleg heilsu manna eða dýra og að ekki megi markaðssetja þau með villandi hætti.

##### 4. gr.

Aðildarríkin skulu mæla fyrir um að almenn ákvæði sem sett eru í A-hluta viðaukans skuli gilda um dreifingu fôðurefna.

##### 5. gr.

1. Aðildarríkin skulu mæla fyrir um að ekki megi setja fôðurefni í dreifingu nema eftirfarandi upplýsingar, sem verða að vera vel sýnilegar, auðlesnar og óafmáanlegar og vera á ábyrgð framleiðanda, þökkunaraðila, innflytjanda, sölu- eða dreifingaraðila með staðfestu í bandalaginu, komi fram á fylgiskjali eða, eftir atvikum, á umbúðunum eða ílátinu eða áföstum merkimiða:

- a) orðið „fôðurefni“;
- b) heiti fôðurefnis og, ef við á, aðrar upplýsingar sem um getur í 7. gr.;
- c) upplýsingarnar, sem eru tilgreindar í fjórða dálki í B-hluta viðaukans, um fôðurefni sem eru skráð í B-hluta viðaukans;
- d) upplýsingarnar, sem eru tilgreindar í öðrum dálki töflunnar í C-hluta viðaukans, um fôðurefni sem eru ekki skráð í B-hluta viðaukans;
- e) ef við á, upplýsingarnar sem eru tilgreindar í A-hluta viðaukans;
- f) nettómagn, gefið upp í massaeningum ef um er að ræða vörur í föstu formi, og í massa- eða rúmmálseiningum ef um er að ræða vörur í vökvaformi;
- g) nafn eða firmaheiti og heimilisfang eða skráð aðalskrifstofa einstaklingsins sem ber ábyrgð á upplýsingunum sem um getur í þessari málsgrein.

2. Heimilt er að hafa aðrar upplýsingar á umbúðum, ílátum, merkimiðum og fylgiskjöllum, svo fremi slíkar upplýsingar tengist hlutlægum eða magnbundnum þáttum sem hægt er að sannreyna og sem villa ekki um fyrir kaupandanum. Aðgreina ber þessar upplýsingar frá upplýsingunum sem um getur í 1. mgr.

3. Ef magn fôðurefnis er minna en eða jafnt og tíu kílógrömm og fer beint til notandans nægir að kaupandinn fái upplýsingarnar, sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr., á viðeigandi auglýsingaskilti á sölustað.

4. Ef framleiðslulotu er skipt í dreifingu skulu upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr., svo og tilvísun til upphaflegu framleiðslulotunnar koma fram á umbúðum, ílátum eða fylgiskjali sérhvers hluta framleiðslulotunnar.

5. Ef samsetningu fôðurefnis í dreifingu er breytt er einstaklingurinn sem veitir nýju upplýsingarnar ábyrgur fyrir því að upplýsingunum, sem um getur í 1. mgr., sé breytt.

##### 6. gr.

1. Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. þarf ekki að veita upplýsingarnar sem um getur í c- og d-lið 1. mgr. 5. gr. og 2. og 3. lið undir V. fyrirsögn A-hluta viðaukans ef:

- a) kaupandinn hefur, áður en viðskiptin fara fram, gefið skriflega yfirlýsingu um að hann þarfnist ekki þessara upplýsinga;
- b) fôðurefni úr jurta- eða dýraríkinu, eins og þau koma fyrir í náttúrunni, ný eða varin skemmdum, hvort sem þau hafa hlotið einfalda meðferð eða ekki, í magni sem er minna en eða jafnt og tíu kílógrömm, ætluð fyrir gæludýr og afgreidd beint til notandans, eru sett í dreifingu af seljanda með staðfestu í sama aðildarríki, með fyrirvara um tilskipun 90/667/EBE<sup>(15)</sup>.

2. Ef ekki er unnt, með tilliti til fôðurefnis frá þriðja landi sem sett er í dreifingu í bandalaginu í fyrsta sinn, að ábyrgjast samsetninguna, eins og krafist er samkvæmt c- og d-lið 1. mgr. 5. gr. og 2. og 3. lið undir V. fyrirsögn í A-hluta viðaukans, vegna þess að ógerlegt er að tryggja að nauðsynleg greiningarúræði séu fyrir hendi í viðkomandi landi geta aðildarríkin veitt þeim einstaklingi, sem ber ábyrgð og um getur í g-lið 1. mgr. 5. gr., leyfi til að veita bráðabirgðaupplýsingar um samsetninguna ef:

- a) lögbærum yfirvöldum sem annast eftirlit er tilkynnt um það fyrirfram hvenær fôðurefnið er væntanlegt;
- b) kaupandinn og lögbær yfirvöld fá endanlegar upplýsingar um samsetninguna innan tíu virkra daga frá því að efnið kemur til bandalagsins;
- c) eftirfarandi upplýsingar fylgja feitiletraðar með upplýsingunum um samsetninguna í skjölunum:

„bráðabirgðagögn sem staðfest eru af . . . (nafn og heimilisfang rannsóknarstofu sem hefur verið falið að annast greiningu) varðandi . . . (tilvísunarnúmer sýnis til greiningar) fyrir . . . (dagsetning)“;

- d) aðildarríkin tilkynna framkvæmdastjórninni við hvaða aðstæður þau hafa beitt undanþágunni sem um getur í þessari málsgrein.

3. Þrátt fyrir ákvæði 5. gr.:

- a) þarf ekki að veita upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. 5. gr., samanber þó tilskipun 90/667/EBE, þegar um er að ræða afurðir úr jurta- eða dýraríkinu, eins og þær koma fyrir í náttúrunni, nýjar eða varðar skemmdum, hvort sem þær hafa hlotið einfalda meðferð eða ekki,

og án þess að innihalda aukefni, nema rotvarnarefni, sem bóndi/frameiðandi afhendir dýraræktanda/notanda ef báðir hafa staðfestu í sama aðildarríki;

- b) þarf ekki að veita upplýsingarnar, sem um getur í c-, d-, e- og f-lið 1. mgr. 5. gr. og A-hluta viðaukans, ef aukaafurðir úr jurta- eða dýraríkinu, framleiddar í búvöruiðnaðarvinnslu með meira rakainnihald en 50%, eru settar í dreifingu.

4. Þrátt fyrir a-lið 1. mgr. 5. gr.:

— má í þýska textanum setja „Einzelfuttermittel“ í stað „Futtermittel-Ausgangserzeugnis“;

— má í ítalska textanum setja „mangime semplice“ í stað „materie prime per alimenti degli animali“;

— má í gríska textanum setja „απλή ζωοτροφή“ í stað „πρώτη ύλη ζωοτροφών“.

7. gr.

1. Aðildarríkin skulu mæla fyrir um að fôðurefnum, sem skráð eru í B-hluta viðaukans, megi einungis dreifa undir þeim heitum sem þar eru tilgreind og með því skilyrði að þau svari til lýsinganna sem þar eru gefnar.

2. Aðildarríkin skulu leyfa dreifingu annarra fôðurefna en þeirra sem eru tilgreind í skránni sem um getur í 1. mgr., að því tilskildu að slík efni fari í dreifingu undir öðrum heitum og/eða með öðrum lýsingum en tilgreint er í viðaukanum, sem ekki villa um fyrir kaupandanum að því er varðar sanndeili vörunnar sem honum er boðin.

8. gr.

Aðildarríkin skulu mæla fyrir um að:

- a) fôðurefni, sem innihalda meira magn óæskilegra efna eða afurða en leyfilegt er samkvæmt tilskipun 74/63/EBE, megi einungis setja í dreifingu ef þau eru ætluð til notkunar í viðurkenndum fôðurböndunarstöðvum sem eru tilgreindar í innlendri skrá í samræmi við tilskipun 95/69/EB;
- b) þrátt fyrir a-lið 1. mgr. 5. gr. verði fôðurefni í skilningi a-liðar þessarar greinar að vera merkt „fôðurefni ætluð til notkunar í viðurkenndum fôðurböndunarstöðvum“. Ákvæði 4. mgr. 6. gr. skulu gilda.

(<sup>15</sup>) Stjtið. EB nr. L 363, 27. 12. 1990, bls. 51.

*9. gr.*

Með tilliti til dreifingar innan bandalagsins skulu upplýsingarnar á fylgiskjalinu, umbúðunum, ílátinu eða áfestum merkimiða vera á minnst einu eða fleiri tungumálum sem viðtökulandið velur úr þjóðtungum eða opinberum tungumálum bandalagsins.

*10. gr.*

Aðildarríkin skulu sjá til þess, af ástæðum er varða ákvæði þessarar tilskipunar, að fôðurefni heyrir ekki undir aðrar takmarkanir á dreifingu en mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

*11. gr.*

Í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 14. gr., er heimilt:

- a) að samþykkja númerakerfi fyrir skráð fôðurefni, byggt á skýringum um uppruna, þann hluta afurðar/aukaafurðar sem notaður er, vinnsla og þroska/eiginleika fôðurefna, svo að unnt sé að sanngreina fôður á alþjóðlegum vettvangi, einkum eftir heiti og lýsingu;
- b) að breyta viðaukanum í ljósi framfara á sviði vísinda- og tækniþekkingar.

*12. gr.*

Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að opinbert eftirlit sé haft með því að kröfum þessarar tilskipunar sé fullnægt, að minnsta kosti með sýnatöku við dreifingu.

*13. gr.*

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar fastanefndarinnar um fôður, sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins 70/372/EBE <sup>(16)</sup>, hér á eftir kölluð „nefndin“.

2. Þegar fylgja skal málsmeðferð þeirri sem mælt er fyrir um í þessari grein ber formanni að vísa málinu án tafar til nefndarinnar, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni fulltrúa aðildarríkisins.

3. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitinu sínu á drögnum innan þeirra tímamarka sem formaðurinn setur eftir því hversu brýnt málið er. Álitid skal

samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðinu ber að samþykkja að tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni veða eins og mælt er fyrir um í þeirri grein. Formaðurinn greiðir ekki atkvæði.

4. a) Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir séu þær í samræmi við álit nefndarinnar.
- b) Séu fyrirhugaðar ráðstafanir ekki í samræmi við álit nefndarinnar, eða liggja álit ekki fyrir, ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja tillögu fyrir ráðið um þær ráðstafanir sem gera skal. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

Hafi ráðið ekki aðhafst innan þriggja mánaða frá því að tillagan var lögð fyrir það skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir nema ráðið hafi með einföldum meirihluta lýst sig andsnúid umræddum ráðstöfunum.

*14. gr.*

1. Tilskipun 70/524/EBE er breytt sem hér segir:

- a) hugtakið „fôðurefni“ komi alls staðar í stað hugtaksins „óblandað fôður“;
- b) í stað f-liðar 2. gr. komi eftirfarandi:

„f) „fôðurefni“: ýmsar afurðir úr jurta- eða dýraríkinu, eins og þær koma fyrir í náttúrunni, nýjar eða varðar skemmdum, svo og vinnsluafurðir þeirra og lífræn eða ólífræn efni, með eða án aukefna, gefnar dýrum sem fôður, annaðhvort óbreyttar eða eftir vinnslu, til framleiðslu á fôðurblöndum eða sem burðarefni í forblöndum“;

- c) í stað g-liðar 2. gr. komi eftirfarandi:

„g) „fôðurblöndur“: blönduð fôðurefni, með eða án aukefna, gefin dýrum sem fôður, í formi heilfôðurs eða fôðurbætis.“

2. Tilskipun 74/63/EBE er breytt sem hér segir:

- a) hugtakið „fôðurefni“ komi alls staðar í stað hugtaksins „óblandað fôður“;
- b) í stað b-liðar 2. gr. komi eftirfarandi:

„b) „fôðurefni“: ýmsar afurðir úr jurta- eða dýraríkinu, eins og þær koma fyrir í náttúrunni, nýjar eða varðar skemmdum, svo og vinnsluafurðir þeirra og

<sup>(16)</sup> Stjtið. EB nr. L 170, 3. 8. 1970, bls. 1.

lífræn eða ólífræn efni, með eða án aukefna, gefnar dýrum sem fôður, annaðhvort óbreyttar eða eftir vinnslu, til framleiðslu á fôðurlöndum eða sem burðarefni í forblöndum“;

c) í stað h-liðar 2. gr. komi eftirfarandi:

„h) „fôðurlöndur“: blönduð fôðurefni, með eða án aukefna, gefin dýrum sem fôður, í formi heilfôðurs eða fôðurbætis“;

d) ákvæði i-liðar 2. gr. falli niður;

e) hugtakið „fôðurefni“ komi alls staðar í stað hugtaksins „hráefni“.

3. Ákvæðum 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 82/471/EBE er breytt sem hér segir:

a) í d-lið falli niður orðin „óblandaðs fôðurs eða“;

b) eftirtalinn liður bætist við:

„g) dreifingu fôðurefnis“.

4. Tilskipun 93/74/EBE er breytt sem hér segir:

a) í 8. mgr. 5. gr. komi hugtakið „fôðurefni“ alls staðar í stað hugtaksins „innihaldsefni“;

b) í stað b-liðar 2. gr. komi eftirfarandi:

„b) „fôðurlöndur“: blönduð fôðurefni, með eða án aukefna, gefin dýrum sem fôður, í formi heilfôðurs eða fôðurbætis“.

15. gr.

Tilskipun 77/101/EBE falli úr gildi 1. júlí 1998.

16. gr.

Fyrir 1. júlí 2001 skal framkvæmdastjórnin, á grundvelli upplýsinga frá aðildarríkjunum, leggja skýrslu fyrir ráðið um þá reynslu sem fengist hefur af beitingu a-liðar 1. mgr., 2. mgr. og a-liðar 3. mgr. 6. gr., ásamt viðeigandi tillögum ef nauðsyn krefur.

17. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja lög og stjórnisýslufyrirmæli sem nauðsynleg eru til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. júní 1998. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

18. gr.

Samþykkt ákvæði skulu gilda frá 1. júlí 1998. Aðildarríkin skulu þó mæla fyrir um að fôðurefni sem eru sett í dreifingu fyrir 1. júlí 1998, en standast ekki ákvæði þessarar tilskipunar, megi vera í dreifingu til 30. júní 1999.

19. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

20. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 29. apríl 1996.

Fyrir hönd ráðsins,

W. LUCHETTI

forseti.

## VIÐAUKI

## A-HLUTI

## Almennt

## I. ATHUGASEMDIR TIL SKÝRINGAR

## 1. Föðurefni eru skráð og nefnd í B-hluta samkvæmt eftirfarandi viðmiðunum:

- uppruna afurðar eða aukaafurðar, til dæmis úr jurta-, dýra- eða steinaríkinu,
- þeim hluta afurðar eða aukaafurðar sem notaður er, til dæmis allri afurðinni, fræjum, hnýðum, beinum,
- þeim vinnsluáferðum sem beitt er á afurðir eða aukaafurðir, til dæmis afhýðingu, útdrætti, hitun og/eða þeim afurðum eða aukaafurðum sem unnar eru úr þeim, til dæmis flögum, klíði, mauki/hrati, fitu,
- þroska afurðar eða aukaafurðar og/eða eiginleikum afurðar eða aukaafurðar, til dæmis „glúkósínólatskert“, „fituríkt“, „sykurskert“.

## 2. Skránni í B-hluta er skipt í 12 kafla.

1. Korn og afurðir þess og aukaafurðir
2. Oliurík fræ og oliurík aldin og afurðir þeirra og aukaafurðir
3. Belgjurtafræ, afurðir þeirra og aukaafurðir
4. Hnýði og rótarávextir, afurðir þeirra og aukaafurðir
5. Önnur fræ og aldin, afurðir þeirra og aukaafurðir
6. Fóðurjurtir og grófmæti
7. Aðrar jurtir og afurðir þeirra og aukaafurðir
8. Mjólkurafurðir
9. Afurðir af landdýrum
10. Fiskur, önnur sjávardýr og afurðir þeirra og aukaafurðir
11. Steinefni
12. Ýmislegt

## II. ÁKVÆÐI UM GRASAFRÆÐILEGAN HREINLEIKA

1. Grasafræðilegur hreinleiki afurða og aukaafurða sem skráðar eru í B- og C-hluta skal ekki vera minni en 95% nema því aðeins að mælt hafi verið fyrir um annað í B- eða C-hluta.
2. Eftirfarandi skal telja grasafræðileg óhreinindi:
  - a) náttúrlæg en óskaðleg óhreinindi (t.d. hálmur og hálmúrgangur, fræ annarra ræktaðra tegunda eða illgresisfræ);
  - b) óskaðlegar leifar annarra oliuríkra fræja eða oliuríkra aldina frá fyrri vinnslustigum ef magn þeirra fer ekki yfir 0,5%.
3. Magnið, sem tilgreint er, vísar til þyngdar afurðarinnar og aukaafurðarinnar.

## III. ÁKVÆÐI UM NAFNGIFTIR

Ef hluti heitis föðurefnis er eitt eða fleiri orð í sviga má láta orðin fylgja eða sleppa þeim; til dæmis má tilgreina olíu úr sojabauunum hvort heldur sem sojabauaolíu eða sojaolíu.



## IV. ÁKVÆÐI UM SKÝRINGARNAR

Skýringarnar, sem gefnar eru hér á eftir, vísa til helstu aðferða sem notaðar eru við framleiðslu fódurefnanna sem um getur í B- og C-hluta þessa viðauka. Ef heiti fódurefnanna felur í sér almennt heiti eða íðorð úr þessum skýringum skal aðferðin sem beitt er vera í samræmi við þá skilgreiningu sem gefin er upp.

Aðferð	Skilgreining	Almennt heiti/íðorð
Þykking	Innihald sumra efna eykst við brotnám vatns eða annarra efnisþátta	Þykkni
Afhýðing <sup>(1)</sup>	Fjarlæging ytri hýðislaga á korni, fræi, aldinum, hnetum o.fl.	Afhýtt
Þurrkun	Varðveisla afurðar með náttúrlegri þurrkun eða annars konar þurrkun	Þurrkað (sólþurrkað eða þurrkað með öðrum aðferðum en náttúrlegum)
Útdráttur	Olía eða fita fjarlægð úr tilteknum efnum með lífrænu leysiefni eða sykurlausum eða önnur vatnsleysanleg efni fjarlægð með vatnskenndum leysi. Ef lífrænt leysiefni er notað verður endanlega afurðin að vera tæknilega laus við slík leysiefni	Útdregið (ef um er að ræða oliurík efni) Melassi, mauk/hrat (ef um er að ræða afurðir sem innihalda sykurlaus eða önnur vatnsleysanleg efni)
Útpressun	Pressun, þrykking eða útpressun efnis undir þrýstingi í gegnum op. Sjá einnig forhleypingu	Útpressað
Flöguframleiðsla	Völsun á raka- og hitameðhöndluðum afurðum	Flögur
Mölnun	Eðlisræn vinnsla korns til að minnka kornastærð og auðvelda aðskilnað innihaldsefna þess (einkum mjól, klíð og grófmalað mjól)	Mjól, klíð og grófmalað mjól
Hitameðferð	Almennt heiti á margs konar hitameðferð sem er framkvæmd við vissar aðstæður til að hafa áhrif á næringargildi eða efnisbyggingu fódursins	Ristað, soðið, blásið, hitameðhöndlað
Herðing	Meðferð olíu og fituefna til að hækka bræðslumark	Hert
Vatnsrof	Niðurbrot í einfaldari efnisþætti með viðeigandi meðferð með vatni og hugsanlega annaðhvort með ensímum eða sýru/basa	Vatnsrofið
Pressun	Fita eða olía fjarlægð úr oliuríkum efnum eða safu úr aldinum eða öðrum jurtaafurðum með vélrænum útdrætti (annaðhvort með snigli eða annars konar pressu) og hugsanlega með varma	Kaka <sup>(2)</sup> (ef um er að ræða efni sem inniheldur olíu) Mauk, hrat (ef um er að ræða aldin o.þ.u.l.)
Vögglun	Efni pressað í gegnum mót	Vögglar
Forhleyping	Umbreyting sterkju til að auka fyrirferð hennar verulega í köldu vatni	Forhleypt
Hreinsun	Óhreinindi í sykri, olíu og öðrum náttúrlegum efnum fjarlægð með efna- eða eðlisfræðilegri meðferð	Hreinsað
Vot formölun	Vélræn aðgreining efnisþátta kjarna/korns, sem hefur tútnað í vatni, hugsanlega með brennisteinsdíoxíði, til að draga út sterkju	Kím, glúten, sterkja

<sup>(1)</sup> Í stað orðsins „afhýðing“ má nota „skræling“ eftir því sem við á. Því ætti almennt heiti eða íðorð vera „skrælt“.

<sup>(2)</sup> Ef nauðsyn krefur má orðið „pressað“ koma í stað orðsins „kaka“.

## V. ÁKVÆÐI UM ÞAÐ MAGN SEM ER TILGREINT EÐA SEM BER AÐ TILGREINA SAMKVÆMT B- OG C-HLUTA

- Magnið sem er tilgreint, eða sem ber að tilgreina, vísar til þyngdar fódurefnisins, nema annað sé tekið fram.
- Með fyrirvara um 3. gr. og b-lið 3. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar og að því tilskildu að ekki sé mælt fyrir um annað innihald í B-hluta þessa viðauka skal gefa upp rakainnihald fódurefnisins ef það er yfir 14,5% af þyngd þess. Að því er varðar fódurefni með rakainnihald sem er ekki yfir fyrrgreindum mörkum skal tilgreina það innihald að beiðni kaupandans.

3. Með fyrirvara um 3. gr. tilskipunarinnar og að því tilskildu að ekki sé mælt fyrir um annað innihald í B-hluta þessa viðauka skal tilgreina innihald ösku sem er óleysanleg í saltsyru í fýðurefni ef það er yfir 2,2% í þurrefni.

#### VI. ÁKVÆÐI UM EÐLISBREYTANDI EFNI OG BINDIEFNI

Ef afurðir, sem vísað er til í 2. dálki B-hluta eða 1. dálki C-hluta þessa viðauka, eru notaðar til þess að breyta eðli óblandaðs fýðurefnis eða binda það ber að veita eftirfarandi upplýsingar:

- eðlisbreytandi efni: eðli og magn afurðanna sem eru notaðar,
- bindiefni: eðli afurðanna sem eru notaðar.

Þegar um bindiefni er að ræða má magn afurðanna, sem eru notaðar, ekki vera meira en 3% af heildarþyngdinni.

#### VII. ÁKVÆÐI UM LÆGSTU LEYFILEG MÖRK SEM ERU TILGREIND EÐA SEM BER AÐ TILGREINA SAMKVÆMT B- OG C-HLUTA

Ef í ljós kemur, við opinbert eftirlit samkvæmt 12. gr. tilskipunarinnar, að samsetning fýðurefnis er önnur en uppgæfin samsetning þannig að gildi þess hefur rýrnað, gilda eftirfarandi lágmarksvikmörk:

- a) fyrir hrápróttin:
  - 2 einingar ef uppgæfið innihald er 20% eða meira,
  - 10% af uppgæfni innihaldi ef uppgæfið innihald er minna en 20% en ekki minna en 10%,
  - 1 eining ef uppgæfið innihald er minna en 10%;
- b) fyrir heildarsykrur, afoxandi sykrur, súkrósa, laktósa og glúkósa (dextrósa):
  - 2 einingar ef uppgæfið innihald er 20% eða meira,
  - 10% af uppgæfni innihaldi ef uppgæfið innihald er minna en 20% en ekki minna en 5%,
  - 0,5 einingar ef uppgæfið innihald er minna en 5%;
- c) fyrir sterkju og inúlín:
  - 3 einingar ef uppgæfið innihald er 30% eða meira,
  - 10% af uppgæfni innihaldi ef uppgæfið innihald er minna en 30% en ekki minna en 10%,
  - 1 eining ef uppgæfið innihald er minna en 10%;
